

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 54/2016**

2017/EES/66/14

frá 18. mars 2016

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2426 frá 18. desember 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 frá 16. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem innihalda upplýsingar sem um getur í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 <sup>(3)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.

XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):

„**32015 R 1998**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32015 R 2426**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2426 frá 18. desember 2015 (Stjtíð. ESB L 334, 22.12.2015, bls. 5).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 lokaútgáfa):

„**C(2015) 8005**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 frá 16. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem innihalda upplýsingar sem um getur í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 334, 22.12.2015, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/1998 og (ESB) 2015/2426, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.